

12. mars 2007:

Afgreiðsla umsókna um styrki til útbóta í umhverfismálum

Alls bárust Ferðamálastofu 131 umsókn um styrki til úrbóta á ferðamannastöðum á yfirstandandi ári en auglýst var eftir umsóknum um styrki í desember síðastliðnum. Umsóknirnar voru afgreiddar af starfsfólki Ferðamálastofu og hlutu 62 verkefni styrk að þessu sinni.



Til úthlutunar voru um 48 milljónir króna sem skiptast í fjóra flokka. Við úthlutun að þessu sinni var sérstaklega horft til úrbóta í aðgengismálum á áninga- og útivistarstöðum. Umsóknir hljóðuðu uppá samtals 217.822.500- krónur.

Minni verkefni

Í flokknum minni verkefni gátu styrkir að hámarki numið 500 þúsund krónum. Alls bárust 75 umsóknir en 38 aðilar fengu styrk, samtals að upphæð 10.700.000. Af því leiðir að mörgum verðugum verkefnum varð að hafna að þessu sinni. Þetta er sama reynsla og fengist hefur á undangengnum árum þar sem fjárhæð umsókna hefur verið margföld sú upphæð sem verið hefur til ráðstöfunar.

Stærri verkefni á fjölsóttum ferðamannastöðum

Í flokkinn stærri verkefni á fjölsóttum ferðamannastöðum bárust 21 umsóknir og hlutu 9 verkefni styrk, samtals að upphæð 17.100.000 krónur.

Uppbygging á nýjum svæðum

Í þriðja flokkinn, uppbygging á nýjum svæðum, bárust 35 umsóknir. Úthlutað var 10.900.000- krónum sem skiptast á 9 verkefni.

Aðgengi fyrir alla

Í fjórða flokkinn aðgengi fyrir alla voru valin verkefni sem sérstaklega miða að því að bæta aðgengi að útivistarstöðum með tilliti til aðgengis hreyfihamlaðra. Sex verkefni fá styrk til þessara verkefna að upphæð 9.200.000-. Að auki má segja að um 15 verkefni, úr hinum flokkunum, sem hlutu styrki stuðli að einhverju leiti að bættu aðgengi.

Náttúran í forgangi

Til viðmunar við úthlutun er stuðst við reglur um forgangsröðun styrkja sem fylgt hefur verið síðustu ár. Mikilvægi verkefna er vegið eftir því hver áhrif framkvæmdarinnar eru á náttúru og umhverfi. Í meginatriðum er flokkunin eftirfarandi:

1. Náttúruvernd
2. Upplýsingar og öryggismál
3. Áningarstaðir
4. Annað

Verkefni sem stuðla að náttúruvernd eru því forgangsverkefni. Einnig er reynt að fylgja eftir því opinbera markmiði sem fram kemur í Ferðamálaáætlun 2006 -2015 að uppbygging ferðapjónustunnar skuli taka mið af sjálfbærri þróun í samfélaginu.

Valur Þór Hilmarsson, umhverfisfulltrúi Ferðamálastofu, segir að heldur færri umsóknir hafi verið í ár og muni þá elst um að færri eru að "kasta" inn umsóknum á síðustu stundu, oft á tíðum ófullkomnum og lítt úthugsuðum hugmyndum. Umsóknarferlið hafi gengið nokkuð vel fyrir sig í ár og greinilegt að undirbúningur verkefna batnar með hverju árinu "Það er ljóst að mörg verðug verkefni verða að bíða að þessu sinni og vissulega er alltaf erfitt að geta ekki orðið við góðum umsóknum," segir Valur.

Minni styrkir:

Sveitarfélag / svæði	Verkefni	Umsækjendur	Styrkur
Ýmsir staðir	Hreinsun strandlengjunnar	Veraldarvinir	400.000
Borgarfjörður eystri / Víknaslóð	Göngukort um Víknaslóð	Ferðamálahópurinn á Borgarfirði	500.000
Seyðisfjörður	Göngubrú yfir Vestdalsá	Gönguklúbbur Seyðisfjarðar	300.000
Seyðisfjörður / Skálanes	Öryggisúrbætur á bjargbrún	Skálanessetur ehf.	250.000
Hérað / Lagarfljót	Upplýsingaskilti um Lagarfljótsorminn	Omsskrínið	200.000
Hérað / Fljótsdalur	Merking gönguleiða í Fljótsdal	Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps	250.000
Djúpvogur / Papey	Endurbætur á lendingaaðstöðu	Papeyjarferðir ehf.	500.000
Álftafjörður / Lón	Söguskilti - Þvottá og Bæ í Lóni	Gísli Sv. Árnason	250.000
Hornafjörður / Lónsöræfi	Salerni á Illakambi	Ferðafélag A - Skaftafellssýslu	200.000
Hornafjörður / Sultartungnagil	Upplýsinga- og varðúðarskilti	Ís og Ævintýri ehf.	250.000
Húnaþing vestra / Miðfjörður	Göngustígar - Ásdísarlundur/Króksstaðakatlar	Kvenfélagið lðja	150.000
Dalvíkurbyggð / Árskógsströnd	Aðgengi að sögustað	Sveinn Jónsson	200.000
Eyjafjörður / Hrísey	Göngustígar um Hrísey	Markaðsráð Hríseyjar	250.000
Kjósahreppur	Uppl. göngu- og reiðleiðaskilti af Kjósahreppi	Kjósahreppur	250.000
Reykjavík / Viðey	Hvíldarsvæði við gönguleiðir	Reykjavíkurborg	400.000
Flóahreppur	Fræðsluskilti við Þjórsárver	Félagsheimilið Þjórsárver	150.000
Flóahreppur	Merking gönguleiðar að helli við Haug	Atv.og ferðam.n. Flóahrepps	150.000
Bláskógabyggð / Skálholt	Söguslóð, fræðsluskilti í Skálholti	Skálholtsstaður	200.000
Bláskógabyggð / Geysir	Reiðstígar við Geysi í Haukadal	Hestamannafélagið Logi	500.000

Þjórsárdalur	Vatnsöflun fyrir ferðamannastaði	Skeiða og Gnúpverjahreppur	250.000
Hrunamannahreppur	Upplýsingaskilti við Brúarhlöð	Ferðamála.n. Hrunamannahrepps	200.000
Hrunamannahreppur	Gönguleiðir á Miðfell	Þróunarfélag Hrunamannahrepps	200.000
Vestmannaeyjar	Gönguleiðir í nýja hrauninu	Upplýsingamiðst. í Vestmannaeyjum	250.000
Vestmannaeyjar	Göngukort um söguslóð Tyrkjaránsins	Upplýsingamiðst. í Vestmannaeyjum	250.000
Dalir og Reykhólar	Gönguleiðakort, Dalir -Reykhólar - Vestfirðir	Ferðamálafél. Dala og Reykhóla	500.000
Reykhólahreppur	Göngustígar og merkingar, fuglaskoðun	Reykhólahreppur	150.000
Vesturbygð / Geirþjófsfjörður	Stígagerð / á söguslóð Gísla Súrssonar	Þórir Örn Guðmundsson	200.000
Súðavík / Álftarfjarðarbotn	Göngubrú í botni Álftarfjarðar	Göngufélag Súðavíkur	50.000
Ísafjarðardjúp / Mjóifjörður	Bætt aðgengi að náttúruupplýsingum	Ævintýradalurinn ehf.	200.000
Jökulfirðir / Grunnavík	Bætt aðgengi að lendingastað	Ferðaþjónustan Grunnavík	500.000
Hornstrandafriðland	Lendingarbætur í Aðalvík, Hlíðuvík, Hornvík	Sjóferðir H&K ehf.	400.000
Hornstrandafriðland / Hlíðuvík	Hreinlætisaðstaða á áningastað	Guðmundur J. Hallvarðsson	300.000
Strandir / Kirkjuból	Æðakolluverkefni, fuglaskoðun í æðavarp	Ferðaþjónustan Kirkjubóli	200.000
Strandir / Húsavík	Náttúruskoðunarhús	Matthías Sævar Lýðsson	500.000
Strandir / Reykjafjörður	Bæta aðgengi við lendingastað	Ragnar Jakobsson	500.000
Hvalfjarðarsveit	Náttúrufræðsla í fjörinni	Ferðaþj. á Bjartheyjarsandi	250.000
Borgarbyggð / Fljótstunga	Skilti og merkingar við Víðgelmi	Ferðaþjónustan Fljótstungu	250.000
Snæfellsbær / Rif	Upplýsingaskilti í fuglaskoðunarhús	Snæfellsbær	200.000

Uppbygging á nýjum svæðum:

Sveitarfélag / svæði	Verkefni	Umsækjendur	Styrkur
Hornafjörður / Mýrar	Köld gestastofa og wc við Fláajökul	FB Brunnhól og Hólmi	2.000.000
Eyjafjörður / Gásir	Gönguleiðir og hreinlætisaðstaða	Hörgárbyggð	2.000.000
Eyjafjörður / Hrísey	Fuglaskoðunarhús	Akureyrarbær	700.000
Ölfus / Bolalda-Jósepsdalur	Afþreyingasvæði fyrir vélhjólaspport	Vélhjólaiþróttaklúbburinn	1.000.000
Skaftárhreppur	Uppbygging áningastaða og afþreying, Skafrárhreppi	Ferðaþj. Efri - Vík ehf. o.fl.	700.000
Vestfirðir	6 gönguleiðakort af Vestfjörðum	Ferðamálasamtök Vestfjarða	1.500.000
Vestfirðir	Skilti á söguslóð Gísla Súrssonar	Víkingaverkefni um Gíslasögu Súrssonar	1.000.000
Strandir / Bjarnafjörður	Útisvæði Strandagaldurs á Klúku	Strandagaldur ses.	1.000.000
Strandir / Grýmsey	Göngustígar og þurrsalerni	Ásbjörn Magnússon	1.000.000

Fjölsóttir ferðamannastaðir:

Sveitarfélag / svæði	Verkefni	Umsækjendur	Styrkir
Fljótisdalshreppur / Skriðuklaustur	Aðgengi og skilti við klausturrústir	Stofnun Gunnars Gunnarssonar	1.000.000

Húnaþing vestra / Hvítserkur	Hreinlætisaðstaða	Knútur Óskarsson	1.400.000
Húnavatnshreppur / Þingeyrar	Hreinlætisaðstaða	Sóknarnefnd Þingeyrarklausturssókn	3.000.000
Hveravellir	Hreinlætisaðstaða	Hveravallafélagið	3.000.000
Mývatnssveit / Leirhnjúkur	Göngustígar um hverasvæði	Landeigendur Reykjahlíðar ehf.	700.000
Mývatnssveit / Dimmuborgir	Hreinlætisaðstaða	Skútustaðahreppur	4.000.000
Mývatnssveit / Dimmuborgir	Deiliskipulag	Skútustaðahreppur	1.500.000
Hornstrandir / Hornvík	Þurrsalerni	Ísafjarðarbær	1.000.000
Snæfellsbær / Búðir	Áningaplan við Búðahraun	Búðakirkja, sóknarnefnd	1.500.000

Aðgengi fyrir alla:

Staður	Upphæð
Glanni	5.000.000
Gunnhver	1.000.000
Krossanesborgir	500.000
Selasetur	1.000.000
Síldaminjasafn	700.000
Þjórsárdalur	1.000.000